

AUGLÝSING

**um (7.) breytingu á gjaldskrá nr. 535/2015 fyrir verkefni
og þjónustu Umhverfisstofnunar.**

1. gr.

4. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Umhverfisstofnun innheimtir gjald fyrir vinnslu og útgáfu starfsleyfa samkvæmt 7. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir og samkvæmt 14. gr., 38. gr. og 64. gr. a laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs.

Gjald fyrir vinnslu nýs starfsleyfis er tvíþætt:

- a) Fastagjald fyrir móttöku umsóknar, grunnvinnu við gerð starfsleyfistillögu, auglýsingar og útgáfu:
 - a. Gjalflokkur 1: 705.000 kr. (40 klst.)
 - b. Gjalflokkur 2: 573.000 kr. (30 klst.)
 - c. Gjalflokkur 3: 246.000 kr. (16 klst.)
- b) Fyrir frekari vinnu við gerð starfsleyfistillagna, vinnslu og afgreiðslu innsendra athugasemda og fyrir kynningu, þ.m.t. borgarafund um kynningu á starfsleyfistillögu, skal greiða tímagjald samkvæmt 1. gr., ferðakostnað skv. 2. gr. og annan útlagðan kostnað. Þegar ljóst er að útgáfa leyfis hefur í för með sér umframvinnu skal umsækjanda gerð grein fyrir umfangi þeirrar vinnu.

Reikningur fyrir fastagjaldi, sbr. a-lið 2. mgr., skal gefinn út við móttöku umsóknar. Reikningur vegna frekari vinnu, sbr. b-lið 2. mgr., skal gefinn út þegar ákvörðun Umhverfisstofnunar liggur fyrir.

Fyrir mat Umhverfisstofnunar á tilkynningu um breytingar á starfsleyfi, sbr. 14. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir og 14. gr. laga um meðhöndlun úrgangs, skal greiða tímagjald skv. 1. gr. gjaldskrárinnar vegna vinnu sérfræðinga. Reikningur skal gefinn út þegar ákvörðun Umhverfisstofnunar liggur fyrir.

Umhverfisstofnun innheimtir gjald fyrir endurskoðun og breytingu á starfsleyfi samkvæmt 15. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir og 14. gr. og 38. gr. laga um meðhöndlun úrgangs. Gjaldið skal vera 158.200 kr. Hafi endurskoðun og breyting á starfsleyfi í för með sér meiri kostnað fyrir Umhverfisstofnun en nemur gjaldi skv. 2. málsl. er heimilt að innheimta tímagjald fyrir slíka umframvinnu samkvæmt 1. og 2. gr. ásamt útlögðum kostnaði m.a. við auglýsingar. Þegar ljóst er að endurskoðun og breyting á starfsleyfi hefur í för með sér umframvinnu skal umsækjanda gerð grein fyrir umfangi þeirrar vinnu. Reikningur skal gefinn út þegar ákvörðun Umhverfisstofnunar liggur fyrir.

Umhverfisstofnun innheimtir gjald fyrir breytingu á handhafa starfsleyfis. Gjaldið skal vera kr. 52.800.

Fyrir mat Umhverfisstofnunar á gögnum um áhættumat samkvæmt 25. gr. reglugerðar nr. 738/2003 um urðun úrgangs, skal greiða tímagjald skv. 1. gr. gjaldskrárinnar vegna vinnu sérfræðinga. Reikningur skal gefinn út þegar ákvörðun Umhverfisstofnunar liggur fyrir.

2. gr.

Við 1. mgr. 24. gr. a gjaldskrárinnar bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Reikningur skal gefinn út við móttöku umsóknar.

3. gr.

Við 1. mgr. 24. gr. b gjaldskrárinnar bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Reikningur skal gefinn út við móttöku umsóknar.

4. gr.

25. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Umhverfisstofnun innheimtir gjald af fyrirtækjum sem stofnunin hefur eftirlit með skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018, um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit og stunda atvinnurekstur sem talinn er upp í viðauka I, VII og IX með reglugerðinni. Umhverfisstofnun innheimtir gjald

Nr. 1227

6. desember 2018

fyrir eftirlit með móttökustöðvum úrgangs skv. 1. mgr. 47. gr. laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs og endurvinnslu skipa skv. 64. gr. b sömu laga.

Vegna reglubundins eftirlits, skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 og eftirlit sem nánar er kveðið á um í starfsleyfi fyrirtækis, skal innheimta gjald sem hér segir:

- a. Gjalflokkur 1: 1.530.000 kr. (90 klst.)
- b. Gjalflokkur 2: 724.000 kr. (42 klst.)
- c. Gjalflokkur 3: 446.000 kr. (25 klst.)
- d. Gjalflokkur 4: 290.000 kr. (17 klst.)
- e. Gjalflokkur 5: 187.000 kr. (12 klst.)

Sé framkvæmd eftirlits, undirbúningur og/eða úrvinnsla sérlega umfangsmikil, t.d. vegna sérstakra aðstæðna, fjölda frávika eða ófullnægjandi upplýsinga rekstraraðila, skal innheimta tímagjald sem því nemur skv. 1. gr. Reikningur skal gefinn út þegar eftirlitsskýrsla liggur fyrir.

Vegna eftirlits skv. 5. mgr. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2013 skal innheimta tímagjald samkvæmt 1. gr. auk ferðakostnaðar skv. 2. gr. svo og útlagðan kostnað. Reikningur skal gefinn út þegar eftirlits-skýrsla liggur fyrir.

Vegna úttektar stofnunarinnar vegna rekstrarstöðvunar sbr. ákvæði starfsleyfis skal innheimta tímagjald samkvæmt 1. gr., ferðakostnað skv. 2. gr. og annan útlagðan kostnað. Reikningur skal gefinn út þegar úttektarskýrsla liggur fyrir.

5. gr.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt heimild í 53. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, 38. gr., 64. gr. b og 65. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd og öðlast þegar gildi.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, 6. desember 2018.

F. h. r.

Sigríður Auður Arnardóttir.

Stefán Guðmundsson.

B-deild – Útgáfud.: 21. desember 2018